

FUNDUR SAMRÁÐSHÓPS SSH UM ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK

Staður: Skrifstofa SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Stund: Miðvikudagur 13. janúar 2016, kl. 08:30

Viðstaddir: Unnur V. Ingólfssdóttir og Ásgeir Sigurðsson, Mosfellsbæ, Bergljót Sigurbjörnsdóttir og Sólveig Steinsson, Garðabæ, Rannveig Einarsdóttir, Hafnarfirði, Stefán Eiríksson og Katrín Jacobsen, Reykjavík, Snorri Aðalsteinsson, Seltjarnarnesi og Erlendur Pálsson, Strætó bs.

Ágúst Þorbjörnsson hjá Framsækni ehf. var gestur á fundinum.

Reynir Kristinsson ráðgjafi boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og sömuleiðis fundargerð frá 2.12.2015.

2. Mállefni ferðapjónustu fatlaðs fólks

a. Þjónustuver

Ágúst og Erlendur leggja fram upplýsingar um fyrirkomulag og rekstur þjónustvers strætó. Framsetning upplýsinga er með ólíkum hætti og ber upplýsingum ekki að öllu leyti saman. Talsverðar umræður skapast um fyrirkomulag og kostnað þjónustvers vegna akstursþjónustu við fatlað fólk. Ræddar eru hugmyndir um hugsanlegar breytingar á fyrirkomulagi þjónustvers. Samráðshópurinn kallar eftir staðfestum tölum vegna rekstrarkostnaðar þjónustvers vegna ársins 2015 og fjárhagsáætlun vegna þjónustvers fyrir árið 2016.

Jafnframt óskar Samráðshópurinn eftir upplýsingum (tölfræði) í tengslum við akstursþjónustuna og þær breytingar sem Strætó bs. hefur farið í að undanfögnu.

b. Þjónustulýsing

Samþykkt að fulltrúar fundarins yfirfari þjónustulýsingu vegna ferðapjónustu fatlaðs fólks og fjallað verði um þá þætti sem nauðsynlegt er að taka til endurskoðunar á næsta fundi.

3. NPA samningar- Rætt um mikilvægi samráðs um fyrirkomulag samninga. Fram kom hjá RE að félagsþjónustunefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur óskað eftir því að haldið yrði málþing um það hvernig hafi tekist til. Þá kom einnig fram að unnið er að úttekt á framkvæmd verkefnisins m.a. hjá Félagsvísindastofnun HÍ. Bakhópur sambandsins vegna þjónustu við fatlað fólk fól á síðast fundi sínum að kanna aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að samráðsvettvangi vegna þjónustu við fatlað fólk og var rætt um að það að e.t.v. ætti málþing um frekari umfjöllunum um NPA samninga heima á þeim vettvangi.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 10:00

Bergljót K. Sigurbjörnsdóttir